



Reglur

um lækkun og niðurfellingu fasteignaskatts tekjulágra elli- og

örorkulífeyrisþega samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar.

1. gr.

Til að eiga rétt á afslætti af fasteignaskatti samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar hverju sinni þarf eftirtöldum skilyrðum að vera fullnægt.

- a. Viðkomandi sé 75% öryrki eða 67 ára eða eldri. Ellilífeyrisþegar geta fyrst átt rétt á afslætti hafi þeir orðið 67 ára á næsta ári á undan álagningarári. Þeir sem eru úrskurðaðir 75% öryrkjar á álagningarári eiga rétt á hlutfallslegri lækkun frá því að örorkumat tók gildi.
- b. Viðkomandi búi sjálfur í íbúðarhúsnæðinu sem staðsett sé á íbúðarsvæði skv. skipulagi og hafi lögheimili sitt skráð þar. Ef viðkomandi er ekki með lögheimili skráð í íbúðarhúsnæðinu allt almanaksárið þá hlutfallast afslátturinn í samræmi það. Sé um að ræða afslátt af húsnæði sem stendur utan hefðbundins íbúðarsvæðis skv. skipulagi skal afsláttur áskilinn því að húsnæðið hafi A skráningu í Landsskrá fasteigna og ekki sé um að ræða húsnæði sem stendur á skráðu frístundahúsasvæði.
- c. Sé viðkomandi í óvígðri sambúð gilda sömu reglur og um hjón sé að ræða.
- d. Þegar um hjón eða sambúðaraðila er að ræða nægir að annað hjóna eða sambúðaraðila fullnægi því skilyrði að vera elli- eða örorkulífeyrisþegi.
- e. Falli annar aðilinn, sem getið er í staflið d, frá þá á sá eftirlifandi rétt á því að njóta afsláttar hjóna, eða sambúðaraðila, út árið sem fráfalið átti sér stað. Verði slit á hjónabandi eða sambúð þeirra einstaklinga sem getið er í staflið d þá eiga aðilar máls rétt á öðru tveggja frá og með þeim tíma sem lögskilnaður er skráður eða sambúðarslit skráð:
 1. að njóta óbreytts afsláttar út álagningarárið óski þeir þess
 2. að vera meðhöndlaðir sem einstaklingar frá og með þeim tíma óski þeir þess, enda geti þeir með fullnægjandi hætti sýnt aðgreindar sértekjur sínar vegna ársins á undan sbr. gr. 2 og 3.

2. gr.

Varðandi tekjuviðmið er litið til tekna skv. tekju- og útsvarsstofni svo og er litið til fjármagnstekna eins og þessar tekjur voru á þar síðasta ári miðað við yfirstandandi álagningarár fasteignaskatts. Dæmi: Afsláttur á móti fasteignaskatti 2020 tekur mið af tekjum ársins 2018.



3. gr.

Vegna útreikninga á afslætti skal liggja fyrir staðfest skattframtal af skattstjóra og örorkumatsvottorð ef við á.

Framkvæmd útreiknings hvað varðar afslátt fasteignaskatts til elli- og örorkulífeyrisþega er sjálfvirkur í gegnum álagningarkerfi fasteignagjalda en tenging er við skrár Ríkisskattstjóra í gegnum Landskrá fasteigna. Þeir sem falla undir reglur þessar gefa heimild fyrir því að aflað sé nauðsynlegra gagna sem tiltekin eru í reglunum og eru forsenda að útreikninga og veitingu styrks. Ef ekki er veitt heimild ber viðkomandi að koma þeim tilmælum skriflega á framfæri í þjónustuveri Dalvíkurbyggðar.

4. gr.

Elli- og örorkulífeyrisþegar fá allt **að 70.000 kr. afslátt** fasteignaskatts af eigin íbúð sem þeir búa sjálfir í. Afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega er tekjutengdur sem hér segir:

Fyrir einstaklinga:

- a) með tekjur allt að kr. 4.200.000 fullur afsláttur skv. 4. gr.
- b) með tekjur yfir kr. 6.300.000, enginn afsláttur.

Fyrir hjón og sambýlisfólk:

- a) með tekjur allt að kr. 5.800.000, fullur afsláttur skv. 4. gr.
- b) með tekjur yfir kr. 8.700.000, enginn afsláttur.

Ef tekjur eru á framangreindu bili er veittur hlutfallslegur afsláttur.

Fjárhæðir í reglunum taka framvegis breytingum sem hér segir nema að annað sé sérstaklega ákveðið:

Styrkfjárhæð breytist samkvæmt meðalbreytingu á fasteignamati húsnæðis (%) í Dalvíkurbyggð hvert álagningarár.

Tekjuviðmið breytast samkvæmt áætlaðari launavísitölu Þjóðhagsspár fyrir yfirstandandi ár.

Samþykktur afsláttur verður aldrei hærri en álagður fasteignaskattur.

Reglur þessar eru settar með heimild í lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, 5. gr. 4. mgr.

Samþykkt á 931. fundi byggðarráðs Dalvíkurbyggðar þann 17. janúar 2020.

Samþykkt á 310. fundi sveitarstjórnar Dalvíkurbyggðar þann 21. janúar 2020.